

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1994.

#### 1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9.500 fyrir árið 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1993.

#### 2. gr.

Gjald vegna töku á hundum sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 4.000.

#### 3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

#### 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. einnig 2. tölulið 1. gr. laga nr. 75/1993, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 25. febrúar 1994 staðfest sameiningu Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Hafnahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Bæjarstjórnirnar og hreppnefndin skulu koma sér saman um kosningu þriggja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 11. júní 1994.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1994.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*